

Nd.

337. Frumvarp til laga

[136. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nemi allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

10. gr. 1. málsg. laganna verður svo hljóðandi:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldu-sparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

3. gr.

Á eftir b-lið 11. gr. laganna komi nýr stafl., svo hljóðandi:

Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Útlendingar, sem hafa landvistar- og atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi brott.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattfyrvald ákveður, á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattfyrvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvisun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi skulu renna til Byggingarsjóðs ríkisins eða veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

5. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi ný grein, sem verði 25. gr., svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.